

Minnisblað

Dagsetning: 20. desember 2024
Viðtakandi: Guðný Vala Þorsteinsdóttir, Náttúrufræðistofnun
Sendandi: Rán Þórarinsdóttir, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2024; Mat á þéttleika hagamúsa í birkivistgerð í landi Áss í Vatnajökulsþjóðgarði, Norðausturlandi.



1. mynd. Birkikjarr við austurjaðar rannsóknarsvæðis hagamúsavöktunar í landi Áss í Vatnajökulsþjóðgarði haustið 2024. Horft til austurs í átt að Hafrafelli.

Inngangur

Haustið 2023 hóf Náttúrustofa Norðausturlands langtímavöktun á þéttleika hagamúsa á Norðausturlandi með frumathugun á jörðinni Rifi á Melrakkaslétu sem þótti henta vel til þess. Rif er ríkisjörð í umsjá Rannsóknastöðvarinnar Rifs sem er undir stjórn Náttúrustofu Norðausturlands. Þó jörðin sé í sjálfu sér ekki friðlýst þá er Melrakkaslétta í tillögum Náttúrufræðistofnunar á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Umsjá Rannsóknastöðvarinnar Rifs fylgir einnig ákveðin vernd og þó svæðið sé ekki afgirt er nær enginn búpeningur á svæðinu. Ýmsar athuganir og vaktanir á fugla- og gróðurlífi eru fyrir bæði á Rifi og víðar á Melrakkaslétu auk þess sem veðurstöð er staðsett á Rifi. Möguleikar á jákvæðum samþættingaráhrifum ólíkra vöktunarpátta eru því miklir.



Þegar til kom veiddist þó ekkert í þær hundrað gildirur sem settar voru út á svæðinu haustið 2023 og vitjað var daglega í fimm daga eftir að þær voru settar út. Það að engar mýs veiddust í gildrum getur þýtt annað af tvennu: 1) að mýs á svæðinu hafi almennt verið fáar eða ekki fyrir hendi og því litlar líkur á að stofninn bæti miklu við sig á næstu árum eða 2) að vöktun hafi byrjað í ári þar sem hagamúsastofninn var í lægð en að hann geti tekið sig upp á næstu árum. Áhyggjur voru af því að búsvæðið væri hugsanlega ekki hentugt fyrir hagamýs þar sem það er fremur sléttlent, með lítið skjól fyrir veðrum og bleytu. Óheppilegt er að fara af stað með langtímavöktun á búsvæði þar sem þéttleiki er lítill og ekki dæmigerður fyrir umrædda vistgerð (mólendi). Vöktun í öðrum landshlutum gaf nokkuð góða veiði fyrir sama tímabil 2023 en þó er erfitt að bera saman vöktunarsvæði þar sem bæði var um ólíka landshluta að ræða og ólíkar vistgerðir. Að auki er Melrakkaslétta heldur langt frá Húsavík þaðan sem vöktunin er gerð út og jók það kostnaðinn við vettvangshlutann. Var talið öruggast að endurskoða val á rannsóknarsvæði við áframhaldandi vöktun og var ákveðið að fylgja upphaflegum markmiðum og finna vöktuninni stað í birkivistgerð innan friðlýsts svæðis. Einnig var horft til aðgengis og þótti einnig kostur ef á svæðinu væru að finna vísbendingar um veru hagamúsa.

Framkvæmd 2024


Rannsóknarsvæðið: Fyrir valinu varð jörðin Ás austan Ásbyrgis sem liggur innan marka Vatnajökulspjóðgarðs á Norðausturlandi. Jörðin var afgirt 1992 og beitarfriðuð frá og með 1993 (munnleg heimild Sigprúður Stella Jóhannsdóttir). Heimildir voru fyrir því að töluvert hafi veiðst og orðið vart við hagamýs í íbúðarhúsum og útihúsum í Ási í mörgum árum (munnleg heimild Sigprúður Stella Jóhannsdóttir fyrrum þjóðgarðsvörður og íbúi) og sérlega mikið í ákveðnum árum, seinast 2022 (Helga Guðrún Sigurjónsdóttir landvörður, munnleg heimild).

Náttúrustofa Norðausturlands sótti um leyfi til Vatnajökulspjóðgarðs fyrir langtímavöktun á þéttleika hagamúsa í landi Áss sem liggur innan marka þjóðgarðsins. Var það leyfi auðsótt.

Jörðin Ás (2. mynd) er í um 45 mínútna akstursfjarlægð frá Húsavík, austan Ásbyrgis innan marka Vatnajökulspjóðgarðs. Hún hefur verið beitarfriðuð frá og með 1993 og er gróður víða gróskumikill. Á jörðinni skiptast á gömul tún og birkiskógar sem þó er hægt að komast um með þokkalegu móti. Valinn var staður í skógarjaðri nálægt gömlu túni með aðgengilegum slóða sem við fengum leyfi Vatnajökulspjóðgarðs til að keyra í þessum afmarkaða tilgangi. Svæðið liggur nálægt göngustígum sem eru eitthvað nýttir af gestum þjóðgarðsins, en þar sem skógur er þéttur og undirgróður mikill sjást hvorki gildirur né merkihælar frá göngustígum eða slóðum og ólíklegt er að ramba á þá án hjálpar GPS tækis.

Engar aðrar athuganir fara fram á vegum Náttúrustofunnar innan rannsóknarsvæðisins en mófuglatalningar, vatnafuglatalningar og fiðrildavöktun fer þó fram í nágrenni rannsóknarsvæðisins auk þess sem veðurstöð er í Ásbyrgi. Búast má við jákvæðum samlegðaráhrifum ólíkra vöktunarpátta og veðurgagna á svæðinu.

Rannsóknarsvæðið er skjól- og gróðursælt, undirgróður ríkulegur, birkið misþétt og mishávaxið en ávallt kræklótt (3. mynd). Ýmsar stara-, grasa- og blómategundir á svæðinu bera fræ sem hagamýs geta nýtt sér til fæðu. Bláberjalyng og hrútaberjalyng eru allsstaðar í undirgróðri. Einiber mátti finna á einstaka stað en sortulyng eða aðalbláberjalyng var ekki alengt. Fæðuframboð yfir sumarið og haustið ætti að vera nægt í flestum árum. Vetur geta eflaust verið nokkuð kaldir og snjópungir en skjól ætti að sama skapi að vera gott. Til viðbótar við að vera innan landamerkja Áss og í birkivistgerð var rannsóknarsvæðið valið út frá hentugu aðgengi, mátulega langt frá aksturhæfri slóð. Einnig var ákveðinni lágmarksfjarlægð haldið frá vegum, göngustígum, ræktarlandi og mannvirkjum.



2. mynd. Staðsetning rannsóknarsvæðis hagamúsavöktunar í Ási innan Vatnajökulspjóðgarðs á Norðausturlandi.



3. mynd. Birkir er kræklótt og undirgróður gróskumikill. Merkingarhæll fyrir miðri mynd og gildra í neðra hægra horni sést ekki vel.

Tímasetning: Við uppsetningu verkefnisins var ákveðið að leggja áherslu á haustveiðar þar sem músastofninn er í hámarki frá miðjum september fram í fyrri hluta október (Ester Rut Unnsteinsdóttir 2023). Ás liggur á Norðausturlandi í um 60 m h.y.s. og um 18 km frá sjó og því má vænta að þar frysti með fyrra fallinu samanborið við annað láglendi nær sjó eða á suðurhelmingi landsins. Stefnt var að því að vettvangsvinna hæfist fremur snemma innan uppgefins tímaramma. Ferðir hagamúsa að hausti eru ekki sérlega veðurháðar en þó getur umferð þeirra dottið niður ef næturfrost er verulegt eða skellur fyrirvaralítið á (Ester Rut Unnsteinsdóttir 2023).

Aðferð: Afmarkaður var hentugur fláki í birkivistgerð innan jarðarmarka Áss í Q-gis og forritið látið merkja inn á flákann GPS staðsetta punkta með 20 m millibili á 10 aðliggjandi sniðum, hvert með tíu GPS staðsetningum. Þessar gildrustaðsetningar voru svo fluttar yfir í GPS tæki.

Rán Þórarinsdóttir og Hafrún Gunnarsdóttir sáu um athuganir. Eins og áður var leiðbeiningum fylgt þegar kom að uppsetningu og aðferðum við vöktun og merkingar hagamúsa (Ester Rut Unnsteinsdóttir og Fríða Jóhannesdóttir 2023). Þær leiðbeiningar voru að miklu leyti teknar upp úr doktorsritgerð Esterar (Ester Rut Unnsteinsdóttir 2014). Notast var við svokallaðar Longworth lífgildrur (4. mynd) sem ull og fóður var sett í til að dvöl í gildrum hefði sem minnst áhrif á lífslíkur músa. Valið var lyktarlítið fóður sem ekki hefur mikil lokkandi eða fælendi áhrif á mýs.



4. mynd. Longworth lífgildra samsett og opin svo mýs geta skriðið inn en við það lokast gildran og músin kemst ekki út af sjálfdáðum.



Nauðsynlegt er að tveir athugendur séu á vettvangi, sér í lagi til að vitja um gildrurnar því merking músa er tveggja manna verk auk þess sem það getur tekið langan tíma fyrir einn athuganda að fara í gegnum allar gildrurnar ef veiði er veruleg.

Á fyrsta athugunardegi voru gildrurnar lagðar út. Gildrustaðsetningarnar voru fundnar með hjálp GPS tækis og við hverja gildrustaðsetningu var rekinn niður 60 sm hæll sem svo var látinn standa til að auðvelda athuganda að finna sama athugunarstað að ári. Hver gildra var sett niður innan við meter frá hverjum hæl. Gildrurnar voru hafðar opnar og ólæstar þannig að ef mús fer inn í gildruna lokast hún og músin læsist inni.

Vitjað var um gildrurnar daglega í fimm daga eftir að þær voru settar út. Athugendur skiptu gildrum á milli sín en gengu þó samsíða í kallfæri. Ef gildra er í lokaðri stöðu er hún tekin og opnuð ofan í þar til gerðu íláti sem er nógu djúpt til að músin geti ekki stokkið upp úr. Því næst er músin merkt, vigtuð og kyngreind auk þess sem mælingar eru gerðar til að meta stærð músar óháð þyngd.

Niðurstöður: Vettvangsathugun fyrir 2024 hófst 16. september og var vitjað daglega um gildrur fram til og með 21. september. Veður var gott alla dagana en vægt næturfrost aðfaranótt 20. september. Vel gekk að setja niður gildrur og vitja um þær. Svæðið er þó langt í frá þægilegt yfirferðar, birkið stendur víða þétt og undirgróður er mikill. Í einhverjum tilfellum áttu GPS tæki erfitt með að ná góðu sambandi í gegnum trjákrónur og gat tekið nokkurn tíma að finna gildrur. Það varð þó auðveldara eftir því sem athugendur fóru oftar um svæðið og lærðu að þekkja það.

Helstu niðurstöður voru þær að engin mús veiddist á þeim fimm dögum sem vitjað var um gildrur. Það var í nokkuð góðu samræmi við veiðar í öðrum landshlutum. Aðeins í Teigsskógi á Vestfjörðum veiddust fleiri en örfáar mys í haust (munnlegar heimildir frá öðrum náttúrustofum). Ástæður þess að engin mús veiddist í Ási haustið 2024 eru óþekktar. Aðferðafræðin hefur áður sannað gildi sitt ítrekað og veiddist töluvert af músum víða um land með sömu aðferð haustið 2023 þó veiðar væru engar á Melrakkasléttnu. Nokkuð öruggar vísbendingar voru um að hagamýs væri að finna á svæðinu í einhverjum ef ekki flestum árum. Ljóst er að vorið og sumarið 2024 var að mörgu leyti óvenjulegt, sér í lagi á norður- og austurlandi. Vorið var seint á ferðinni og það haustaði einnig fremur snemma. Ekki er ólíklegt að hryggleysingar og fræframleiðsla hafi farið seinna af stað sumarið 2024 heldur en í venjulegu ári. Paulsetið hret í byrjun júní setti lit sinn á afkomu fugla og nýliðun hjá mörgum fuglategundum. Ekki er ólíklegt að slíkt tíðarfar hafi einnig haft áhrif á afkomu hagamúsa. Þó erfitt sé að byrja vöktun með svo litlum heimtum eru niðurstöðurnar í sjálfu sér áhugaverðar og full ástæða til að halda vöktun á svæðinu áfram og athuga hvort ekki glæðist lífveiði á svæðinu á næstu árum.

Gögn úr vettvangsathugunum verða sett inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Staðsetning athugunarsvæðis og gildrustæða verður sett inn í landupplýsingakerfið Q-gis.

Heimildir

Ester Rut Unnsteinsdóttir og Fríða Jóhannesdóttir (2023). Vísar og aðferðir. Í handriti. Samantekt á aðferðafræði við lífgildruveiðar og fellur. Að miklu leyti fengið úr doktorsritgerð Esterar en með viðbótum frá Fríðu Jóhannesdóttur.

Ester Rut Unnsteinsdóttir (2014). The wood mouse *Apodemus sylvaticus* in Iceland: population dynamics and limiting factors at the Northern edge of the species' range. Doktorsritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 114 bls. Háskólaprent, Reykjavík, Iceland. ISBN 978-9935-9164-7-1.